



Skólaráðsfundur 11. mars 2021

Mættir voru:

Ásgerður Þorgeirsdóttir skólastjóri, Anna Birna Gunnlaugsdóttir og Guðmundur Ingvar Jónsson fulltrúar kennara, Kristín Hjartardóttir og Vala Rún Vilhjálmsdóttir fulltrúar foreldra, Sigmundur Herbertsson fulltrúi starfsmanna í Njarðvíkurskóla, Jenný Lárusdóttir framkvæmdarstjóri UMFN fulltrúi úr grenndarsamfélaginu, Valur Axel Valsson, Helga Vigdís og Nadía Líf Pálsdóttir fulltrúar nemenda og Rafn Markús Vilbergsson aðstoðarskólastjóri (fundarritari).

1. Farið var yfir skóladagatal fyrir skólaárið 2021-2022. Ásgerður fór yfir hvernig skóladagatöl eru sett upp. Allir í skólaráði voru samþykkir skóladagatalinu og fer skóladagatalið þá til samþykktar hjá fræðsluráði Reykjanesbæjar.
2. Farið yfir sjálfsmatsskýrslu fyrir skólaárið 2019-2020. Farið var yfir hvað er að finna í skýrslunni og hvar hún er að finna á heimasíðunni.
3. Farið var yfir niðurstöður samrændra könnunarprófa í 4. og 7. bekk frá því í september og október. Rætt var um próftökuna í 9. bekk þar sem fyrirlögn prófsins í íslensku gekk illa. Í framhaldi ákvað MMS að aflýsa prófunum og þau gerð valkvæð fyrir nemendur í 9. bekk þetta árið.
4. Fulltrúar nemenda kynntu starf nemendaráðs á skólaárinu og fóru þar yfir fjölbreytt starf þrátt fyrir takmarkanir vegna Covid.
5. Ásgerður ræddi um ýmsar takmarkanir á skólaárinu sem hafa verið á skólaárinu vegna Covid. Miklar breytingar hafa þurft að gera á skólaárinu og bregðast sóttvarnaraðgerðum. Oft þurfti að breyta og umbylta skólastarfinu. Meðal breytinga er dagsetning á árs hátíð skólans sem haldin verður 3. maí.
6. Farið var yfir fjárhagsáætlun fyrir skólaárið.
7. Farið var yfir teikningar á stjórnendaálmum skólans en álman verður tekin í gegn og endurnýjuð í sumar. Einnig var rætt um myglu sem kom upp í stofu 109 og á skrifstofum á stjórnendaálmum. Reykjanesbær í samvinnu við Mannvit hf. hafa unnið að lagfæringum.
8. Farið var yfir rýmingaráætlun Njarðvíkurskóla ef Almannavarnir gefa út viðvörðun um hættuástand.
9. Önnur mál:
 - a. Jenný ræddi um mikilvægi þess að það þurfi að huga að tyggjóklessum á milli íþróttahús og Njarðvíkurskóla. Jenný þakkaði fyrir samstarfið en hún er að hætta störfum á vegum UMFN.

Fundaritari Rafn Markús Vilbergsson,
aðstoðarskólastjóri